



Svar við fyrirspurn

Efni: Táknmálstúlkun á fundum borgarstjórnar
Viðtakandi: Forsætisnefnd
Sendandi: Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Óskað hefur verið eftir kostnaðarmati fjármála- og áhættustýringarsviðs á tillögu borgarfulltrúa Flokks fólksins frá 3. september 2019 sem barst fjármála- og áhættustýringarsviði þann 4. júní sl., eftir tilvísun forsætisnefndar þann 15. maí sl., á táknmálstúlkun á fundum borgarstjórnar. Tillagan er eftirfarandi:

„Borgarfulltrúi Flokks fólksins leggur til að borgarstjórn samþykki að borgarstjórnarfundir verði túlkaðir á táknmáli. Borgarstjórnarfundir eru tvisvar í mánuði að meðaltali 6-7 klukkustundir hver. Hér er um mannréttindamál að ræða og með því að táknmálstúlka fundi borgarstjórnar er borgarstjórn að framfylgja lögum. Tillagan er liður í að rjúfa enn frekar einangrun heyrnarkertra og heyrnarlausra einstaklinga. Þessi hópur á rétt á því að fá upplýsingar úr samfélaginu og þ.m.t. að geta fylgst með umræðu á sviði stjórnmalanna. Íslenska og táknmál heyrnarlausra eru jafn rétthá. Talið er að um 350-400 einstaklingar reiða sig á íslenskt táknmál til tjáningar og samskipta. Að táknmálstúlka fundi borgarstjórnar er vel gerlegt. Hægt er að sjá fyrir sér að túlkunin yrði í útsendingunni frá fundinum, þ.e. sér myndavél væri á túlkunum og túlkunin í glugga á skjánum. Þá getur fólk farið inn á útsendinguna hvar sem það er statt í borginni. Kostnað við að táknmálstúlka borgarstjórnarfundum er lagt til að verði tekið af liðnum „ófyrirséð“. Verkið yrði boðið út samkvæmt útboðsreglum borgarinnar. Í útboði þarf að tryggja að þeir sem gera tilboð í verkið séu með menntun á sviði táknmálstúlkunar. Þær tæknilegu breytingar sem þyrftu að koma til færu einnig í útboð.“

Svar:

Við kostnaðarmat á tillögunni var stuðst við upplýsingar frá samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarkertra varðandi verðskrá við táknmálstúlkun pr. klukkustund. Um áætlaðan kostnað er að ræða að þessum forsendum gefnum. Fjöldi borgarstjórnarfunda og lengd þeirra er úr fundargerðum borgarstjórnar. FÁST telur að það þurfi að minnsta kosti tvo táknmálstúlka fyrir hvern fund sem skiptast á vegna lengdar funda.

Áætlaður kostnaður vegna uppsetningar tæknibúnaðar er áætlaður af skrifstofu borgarstjórnar í samráði við tæknimenn sem sjá um myndvinnslu og útsendingu frá fundum borgarstjórnar. Um einskiptis kostnað er að ræða við uppsetningu tækja en ekki rekstrarkostnað.

UPPSETNINGARKOSTNAÐUR TÆKNIBÚNAÐAR**Áætlaður kostnaður**

Myndavél	445.914
Sjónvarp og festingar	300.000
Hátalarar	209.800
Myndbreytur	150.000
Annar efniskostnaður	150.000
Tæknimaður í vinnu - uppsetning	16.000
3 dagar	384.000
Tæknimaður í vinnu - forritun	12.000
1 dagur	96.000
Samtals:	1.763.714

KOSTNAÐUR VIÐ TÁKNMÁLKSTÚLKUN Á FUNDUM BORGARSTJÓRNAR**Klukkustundir að meðaltali á hverjum fund**

			Fjöldi túlka		Lengd fundar	Pr. fund
Táknmálstúlkur pr klukkustund	Pr. klst.	10.134	2	20.268	10	202.680
Matarkostnaður	Pr. per.	3.900	2	7.800		7.800
Tæknikostnaður (áætlaður)	Pr. fund	50.000				50.000
Samtals pr fund						260.480
Fjöldi funda 2019						20
Samtals pr ár						5.209.600
Uppsetning tæknibúnaðar						1.763.714
Samtals með uppsetningu						6.973.314

Haldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs